

Íslenska stærðfræðafélagið

Aðalfundur 12. janúar 2011

Skýrsla stjórnar fyrir 2010

Aðalfundur og stjórn

Síðasti aðalfundur var haldinn 6. janúar 2010. Elínborg Ingunn Ólafsdóttir gekk úr stjórn og í hennar stað var Henning Arnór Úlfarsson kosinn. Í stjórn félagsins árið 2010 voru Ragnar Sigurðsson, formaður, Einar Steingrímsson, Henning Arnór Úlfarsson, Jóhann Sigurðsson og Júlíana Indriðadóttir.

Ákveðið var að félagsgjöld árið 2010 skyldu vera 3000 kr en 1500 kr fyrir eldri borgara og BS nemendur. Ólafur Ísleifsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga og Kristín Halla Jónsdóttir til vara.

Á fundinum fengu 38 nýir félagar aðild að félaginu og voru 238 skráðir félagar á árinu.

Fundir

Eftirfarandi fundir voru haldnir á tímabilinu auk aðalfundar.

30.12. 2010. Jólafundur 2010. Hermann Þórisson flutti erindið *Um líkindahugakið*.

18.11. 2010. Einar Bjarki Gunnarsson, Guðmundur Einarsson og Jóhann Sigursteinn Björnsson kynntu safn stærðfræðihugtaka sem þeir unnu síðastliðið sumar á vefnum www.stæ.is.

20.10. 2010. Bjarni Vilhjálmur Halldórsson flutti erindið: *Ferðasaga frá ólympíuleikunum í stærðfræði í Kazakhstan*.

7.4. 2010. Michael S. Keane prófessor við Wesleyan Háskóla í Bandaríkjunum flutti erindið: *The essence of the law of large numbers*.

25.3. 2009. Úlfar Stefánsson flutt erindið: *Almennt um þverstæðar margliður og sérstaklega um Müntz margliður*.

Bókaverðlaun á stúdentsprófi

Sem fyrr hefur félagið veitt verðlaun fyrir ágætan árangur í stærðfræði á stúdentsprófi. Samtals voru það 32 nýstúdentar sem félagið verðlaunaði. Vorið 2010 var verðlaunabókin „Og ég skal hreyfa jörðina“ eftir Jón Þorvarðarson og hana hlutu:

Aron Öfjörð Jóhannesson, Fjölbrautaskóla Vesturlands

Árni Johnsen, Menntaskólanum við Hamrahlíð

Ásbjörg Einarsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík

Ásta Steinunn Eiríksdóttir, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu

Atli Þrastarson, Flensborgarskóla

Auðunn Skúta Snæbjarnarson, Menntaskólanum á Akureyri

Birna Ásbjörnsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Davíð Ólafsson, Menntaskólanum við Sund

Davíð Örn Þorsteinsson, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Eiríkur Rafn Björnsson, Menntaskólanum við Sund

Elín Óla Klemensdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Haraldur Tómas Hallgrímsson, Verzlunarskóla Íslands

Harpa Sif Gísladóttir, Verzlunarskóla Íslands

Helga Kristín Ólafsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík

Nína Aradóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík

Ólafur Páll Geirsson, Kvennaskólanum í Reykjavík
 Páll Guðjónsson, Menntaskólanum við Hamrahlíð
 Sandra Rán Ásgrímsdóttir, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu
 Sigrún Viðarsdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík
 Sigurdís Reynisdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja
 Snædís Björgvinsdóttir, Menntaskólanum á Ísafirði
 Sólrún Halla Einarsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík
 Sólveig Steinunn Pálsdóttir, Menntaskólanum við Sund
 Sævar Már Atlason, Verzlunarskóla Íslands

Við útskrift jólin 2010 var gefin bókin „Síðasta setning Fermat“ eftir Simon Singh og hana hlutu:

Ástrós Skúladóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja
 Elfa Margrét Magnúsdóttir, Menntaskólanum á Egilsstöðum
 Guðjón Hlíðkvist Björnsson, Fjölbrautaskóla Suðurnesja
 Guðjón Reykdal Óskarsson, Fjölbrautaskóla Suðurlands
 Gunnar Snær Gunnarsson, Menntaskólanum við Hamrahlíð
 Hafþór Finnbogason, Fjölbrautaskóla Snæfellinga
 Jóhann Brynjar Magnússon, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ
 Selma Lind Jónsdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi

Fjármál

Með þessari skýrslu fylgir rekstrarreikningur félagsins frá 1.1.2010 til 31.12.2010 og eru nú 738 þkr í sjóði. Tap var af rekstri félagsins sem nemur 248 þkr. Í desember 2010 fékk félagið 400 þkr styrk frá Menntamálaráðuneytinu vegna alþjóðasamstarfs á árinu 2010. Sá styrkur hafði ekki verið greiddur út fyrir árslok. Sé tekið tillit til hans var afkoma félagsins jákvæð um 152 þkr á árinu.

Gjöld félagsins á árinu 2010 voru 1.135 þkr og vega þar þyngst framlag félagsins til Mittag–Leffler stofnunarinnar og árgjöldin til IMU og EMS eða samtals 439 þkr. Innheimt félagsgjöld voru hinsvegar 563 þkr.

Stjórn félagsins hefur unnið að því að breyta fyrirkomulagi á framlagi Íslands til Mittag–Leffler stofnunarinnar. Hingað til hefur Íslenska stærðfræðafélagið greitt þetta framlag, að hluta eða í heild með tilfallandi styrkjum. Á hinum norðurlöndunum eru það hinsvegar vísindaráð eða akademíur landanna sem greiða þessi framlög. Stjórn félagsins telur að edlilegra væri að kostnaður vegna þessa norræna vísindasamstarfs Íslendinga væri greitt í gegnum sjóði Vísinda- og tækniráðs en ekki af Íslenska stærðfræðafélaginu. Stjórn félagsins átti fund með menntamálaráðherra Katrínu Jakobsdóttur og starfsmönnum ráðuneytis hennar í desember 2010 þar sem þessum tillögum var komið á framfæri og var vel í þær tekið.

Félagatal og umsóknir um aðild að félaginu

Í félaginu eru nú 237 félagar.

Frá síðasta aðalfundi hafa 19 sótt um aðild að félaginu og mælir stjórn með því að aðalfundur samþykki ingöngu þeirra í félagið:

Agnar Darri Lárusson, BS frá HÍ 2010.

Auðun Sæmundsson, BS frá HÍ 1974, MS í tölv.fr. frá Rensselaer Polytechnic Inst., kennari við MR,

Einar Bjarki Gunnarsson, BS frá HÍ 2010, kennari við MR og HÍ.

Ellert Arnarson, BS frá HÍ 2010.

Erik Tryggvi Striz Bjarnason, BS frá HÍ 2010.

Eva Björg Jónsdóttir, BS frá HÍ 2010.

Freyr Sævarsson, BS frá HÍ 2010.

Garðar Sveinbjörnsson, BS frá HÍ 2010.

Grettir Heimisson, BS frá HÍ 2010.

Hákon Jónsson, BS frá HÍ 2010.

Hólmfríður Þorsteinsdóttir, BS frá HÍ 2004, kennari við MA.

Jóhanna Sigmundsdóttir, BS frá HÍ 2010.

Jóhannes Guðbrandsson, BS frá HÍ 2010.

Kristinn Guðnason, BS frá HÍ 2010.

María Óskarsdóttir, BS frá HÍ 2010.

Reynir Vilhjálmsson, 1941, stúd. 1961 frá MA, diplom-próf í eðlisfr. 1970 og dr.-próf 1974 frá hásk. í Mainz, dr. hab. í eðlis- og efnafræði frá hásk. í Münster 1983. Kennari við Tækniskólann.

Salvör Egilsdóttir, BS frá HÍ 2010.

Vefur félagsins

Vefur var útbúinn fyrir félagið um leið og ný stjórn tók við eftir aðalfund 2008. Þar er nú að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi félagsins, eins og fundi félagsins, ráðstefnur sem hafa verið haldnar, útgáfu á vegum félagsins eins og eldri fréttabréf, félagatalið, stærðfræðikeppnirnar og vefútgáfu orðaskrárinnar. Vefslóðinni hefur verið breytt og er hún nú www.stæ.is.

Hugtakasafn

Sumarið 2010 var þróað safn stærðfræðihugtaka á vefnum www.stæ.is. Það var unnið af þeim Einari Bjarka Gunnarssyni, Guðmundi Einarssyni og Jóhanni Sigursteini Björnssyni. Jóhann Sigurðsson hafði umsjón með verkefninu. Til þess var notaður 500 þkr styrkur frá Almanakssjóði sem félagið fékk á síðasta ári og 840 þkr styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Þá fékkst nýr styrkur frá Almanakssjóði að upphæð 300 þkr til frekari þróunar hugtakasafnsins.

Alþjóðasamskipti

Félagið er aðili að Evrópska stærðfræðifélaginu og Alþjóðasambandi stærðfræðinga (International Mathematical Union), og greiðir gjöld til þeirra. Ragnar Sigurðsson er fulltrúi félagsins í stjórn Mittag-Leffler stofnunarinnar, sem félagið styrkir með árlegu fjárframlagi, Anders Claesson er fulltrúi félagsins í ritstjórn Nordisk matematisk tidskrift og Robert Magnus situr í ritstjórn Mathematica Scandinavica sem fulltrúi Íslands. Friðrik Diego er fulltrúi félagsins í ICMI, International Commission on Mathematical Instruction.

Stærðfræðikeppnir

Félagið stendur árlega að Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema ásamt Félagi raungreinakennara í framhaldsskólum og var engin undantekning á því. Framkvæmdanefnd keppinnar skipa nú þeir Auðun Sæmundsson, Friðrik Diego, Guðbjörn Freyr Jónsson, Gunnar Freyr Stefánsson Jóhanna Eggertsdóttir og Marteinn Þór Harðarson.

Úrslitakeppnin fyrir veturinn 2009-2010 var haldin 6. mars og tóku 30 nemendur frá 8 skólum þátt í henni. Í efsta sæti var Sólrún Halla Einarsdóttir, MR.

Þeim 15 efstu í keppninni var boðið að taka þátt í norrænu stærðfræðikeppninni þann 13. apríl. Efst íslensku keppendanna var Áslaug Haraldsdóttir (Versló), en hún stóð sig framúrskarandi vel í keppninni og hafnaði í 4.-6. sæti með 15 stig. Næst komu svo Auðunn Skúta Snæbjarnarson (MA) og Ragnheiður Guðbrandsdóttir (MH) með 8 stig og síðan Arnþór Gunnarsson (MR) og Paul Frigge (MR) með 7 stig.

Ólympíuleikarnir í stærðfræði voru haldnir 6. til 12. júlí í Astana í Kasakstan. Í liði Íslands voru valin Áslaug Haraldsdóttir, Helga Kristín Ólafsdóttir, Helgi Kristjánsson, Paul Joseph Frigge, Ragnheiður Guðbrandsdóttir og Sólrún Halla Einarsdóttir. Þetta er í fyrsta sinn sem ólympíulið Íslands er að meirihluta skipað stúlkum. Dómnefndarfulltrúi var Bjarni Vilhjálmur Halldórsson og farastjóri var Marteinn Þór Harðarson. Liðið fékk í heildina 53 stig og fengu allra stúlkurnar fjórar viðurkenningu fyrir að leysa heilt dæmi.

Forkeppnin fyrir veturinn 2010-2011 var haldin í skólunum 13. október og tóku þátt 400 nemendur í 19 skólum (248 á neðra stigi og 152 á efra stigi). Efstir á neðra stigi voru 1. Ásgeir Valfells, MH, 2.-3. Benedikt Blöndal, MR, og 2.-3. Sigurður Kári Árnason, MR, og á efra stigi 1. Arnór Hákonarson, MR, 2. Paul Joseph Frigge, MR, og 3. Áslaug Haraldsdóttir, Versló.

Íslendingar héldu Eystrasaltskeppnina í Menntaskólanum í Reykjavík dagana 4.-8. nóvember. Tíu lönd tóku þátt í keppninni og sendi hvert þeirra fimm manna lið auk dómnefndarfulltrúa og liðsstjóra.

Formaður undirbúningsnefndar var Benedikt Jóhannesson, en aðrir með honum í nefndinni voru Auðun Sæmundsson, Friðrik Diego, Guðbjörn Freyr Jónsson, Gunnar Freyr Stefánsson, Jóhanna Eggertsdóttir, Kristín Bjarnadóttir og Ragnar Sigurðsson.

Formaður dómnefndar var Rögnvaldur Möller og ritari hennar var Jóhann Sigurðsson.

Dæmanefnd skipuðu Frosti Pétursson, Guðbjörn Freyr Jónsson, Jóhann Sigurðsson, Mark Dukes, Rögnvaldur Möller, Stefán Ingi Valdimarsson, Friðrik Diego og Gunnar Freyr Stefánsson.

Yfirdómari var Jón Kr. Arason, en dómnefndir í einstökum fögum skipuðu:

Bjarni V. Halldórsson, Guðbjörn Freyr Jónsson og Örn Stefánsson í algebru,

Einar Bjarki Gunnarsson, Jóhann Sigurðsson og Ragnar Sigurðsson í talnafræði,

Anders Claesson, Henning Arnór Úlfarsson og Mark Dukes í fléttufræði, og

Gunnar Freyr Stefánsson, Robert Magnus og Stefán Ingi Valdimarsson í rúmfræði.

Um vefhönnun fyrir keppnina sá Hörður Freyr Yngvason stærðfræðinemi og þær Helga Kristín Ólafsdóttir og Sólrún Halla Einarsdóttir stærðfræðinemar sáu um leiðsögn fyrir keppendur um Reykjavíkurborg.

Úrslit keppninar urðu: 1. Pólland, 2. Litháen, 3. Þýskaland, 4. Lettland, 5. Danmörk, 6. Svíþjóð, 7.-8. Eistland, 7.-8. Noregur, 9. Finnland og 10. Ísland.

Nánari upplýsingar um keppnina er að finna á vefnum www.stae.is/bw10. Eystrasaltskeppnin tókst að öllu leyti mjög vel og var hápunkturinn í starfi félagsins á árinu. Stjórnin þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóg fyrir mikið og fórnfúst starf í þágu félagsins.

Tímarit og fréttabréf

Ekkert tölublað RAUST, Tímarits um raunvísindi og stærðfræði kom út árið 2010. Félagið vantar fulltrúa í ritstjórn og það er verkefni stjórnar á nýju ári.

Fyrir hönd stjórnar,

Ragnar Sigurðsson,
formaður